



FUNDARGERÐ

KYNNINGARFUNDUR UMHVERFISSTOFNUNAR FYRIR VATNASVÆÐIS-NEFND Á VATNASVÆÐI 1

Dags. fundar 9.10.12	13:00 – 16:00	Staður Reykholaskola, Reykholahreppi	Nr. fundar 5
Fundarstjóri: Jóhanna B. Weisshappel		Fundarritari: Jóhanna	
Fundarmenn: Anton Helgason, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Sigríður Hjaltadóttir, Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi vestra, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Reykholahreppi, Dalabyggð og Strandasýslu, Theodóra Matthíasdóttir, Snæfellsnesi, Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðahreppi, Ágúst Þór Bragason, Blönduósbæ, Sigríður Magnúsdóttir, Skagafirði, Þorleifur Eiríksson, Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila, Jón S. Ólafsson, Landvernd, Jóhanna Björk Weisshappel, UST.			
Afrit sent til: Vatnasvæðisnefndar á svæði 1			
Markmið fundar: Fara yfir inngangskafla og kafla um beina losun í fyrstu frumdrögum að stöðuskýrslu.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	
1	<p>Opnun vinnufundar: Jóhanna fór yfir það hvað ætti að vera í stöðuskýrslu og á hvern hátt álagsgreining væri sett fram í skýrslunni. Einnig hvernig stöðuskýrslan mun síðan renna inn í vatnaáætlun og verður þar mun ítarlegri umfjöllun um ýmsa þætti.</p>	JBW	
2	<p>Helstu ákvarðanir, ábendingar og athugasemdir á vinnufundi:</p> <p>Nauðsynlegt að nýta allar mælingar og rannsóknir sem hafa verið gerðir í viðtökum/vatnshlotum í stöðuskýrsluna.</p> <p>Theodóra mun senda Jóhönnu athuganir á magni saurgerla við þéttbýli á Snæfellsnesi (Náttúrustofa Vesturlands vann þær athuganir).</p> <p>Ekki sammála því að taka eigi út nöfn fiskvinnsla og minni starfsemi úr stöðuskýrslunni eins og lagt var til á vinnufundi með nefnd á svæði 4.</p> <p>Ath. með að fá texta um sorpurðun á vatnasvæði 1 frá Antoni.</p> <p>Ath. með að fá skýrslu um efnistöku úr ám hjá Þorleifi.</p> <p>Þveranir/lokun fjarða með vegagerð/brú: Til eru rannsóknir fyrir og eftir lokun í Gilsfirði og Borgarfirði.</p> <p>Miklar breytingar í Gilsfirði (Líffræðistofnun HÍ).</p> <p>Borgarfjörður: Til er nýlegt nemendaverkefni, kornastærðardreifing sets breyttist verulega og þar með samfélag botndýra. Hafa samband við Gísla Má út af þessari rannsókn.</p> <p>Dýrafjörður og Öndarfjörður: Rannsóknir sýna engar breytingar.</p> <p>Þveranir fjarða eru fyrirhugaðar: Þorskafjörður, Gufufjörður, Djúpafjörður.</p> <p>Jóhanna mun senda Þorleifi lista yfir manngerð og mikið breytt vatnshlot.</p> <p>Mikilvægt að fjalla um stærstu kjúklinga- og svínabú í kafla um beina losun.</p> <p>Skipulagsstofnun á að eiga kort sem sýnir þéttleika frístundabyggða.</p>	JBW	



	Næstu skref: Jóhanna mun senda uppfærð drög að stöðuskýrslu (inngangskafli og kafla um beina losun) á næstu vikum til fulltrúana með ósk um að þeir lesi þau vandlega yfir og afli upplýsinga/gagna sem enn vantar. Síðan mun hún senda aðra kafla síðar með tölvupósti til fulltrúana með ósk um að þeir lesi þá vandlega yfir og láti vita ef þeir hafa athugasemdir, viðbætur eða upplýsingar/gögn sem hægt er að nýta í þá kafla. Stefnt er að því að drög að stöðuskýrslu fari í kynningu í nóv. 2012 í sex mánuði.		
	Næsti fundur: Óákveðið.		

